

**632. fundur haldinn miðvikudaginn 21. nóvember 2001 kl. 11:00**  
**Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

**Mættir:**

Tómas Ingi Olrich, formaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður.  
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF  
Hrönn Greipisdóttir, fulltrúi SAF  
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

**1. Fundargerðir 630. og 631. fundar.**

**Afgreiðsla:** Samþykktar

**2. Erindi Steins Lárussonar vegna Hótelstindastóls.**

Steinn Lárusson lagði fram erindi með ósk um að leitað verði upplýsinga um lánveitingar Ferðamálasjóðs til Hótelstindastóls vegna fjölmiðlafrétta um þær lánveitingar í kjölfar gjaldþrots hótelsins.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að óska skriflega eftir umræddum upplýsingum.

**3. Umhverfisverkefni 2002-2003.**

Í samræmi við fyrri samþykkt Ferðamálaráðs var lögð fram tillaga umhverfisfulltrúa að verkefnaáætlun í umhverfismálum til næstu tveggja ára.

**Afgreiðsla:** Tillagan var samþykkt með eðlilegum fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum.

**4. Erindi Alþingis.**

Borist hafa beiðnir um umsagnir vegna fjögurra mála.

a) Tillaga til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að óska eftir fresti og unnin yrði tillga að umsögn fyrir næsta fund.

b) Tillaga til þingsályktunar um átak til að lengja ferðaþjónustutímamann.

**Afgreiðsla:** Ferðamálastjóra falið að vinna tillögu að umsögn byggða á umræðum á fundinum og senda til fundarmanna til athugasemda eða samþykktar.

c) Frumvarp til laga um leigubílfreiðir.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að óska eftir fresti og unnin yrði tillga að umsögn fyrir næsta fund.

d) Tillaga til þingsályktunar um átak til að treysta byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að óska eftir fresti og unnin yrði tillga að umsögn fyrir næsta fund.

**5. Hvatningarverðlaun Ferðamálaráðs.**

Í framhaldi af tillögu nefndar um heilsutengda ferðaþjónustu hefur samgönguráðherra falið Ferðamálaráði að standa fyrir veitingu hvatningarverðlauna .

**Afgreiðsla:** Samþykkt að veita verðlaunin á ráðstefnu um heilsutengda ferðaþjónustu 6. desember.

**6. Fjárhagsumræða vegna 2002.**

Farið var yfir þær tillögur sem eru í frumvarpi til fjárlaga hvað varðar fjárveitingar til Ferðamálaráðs og verkefna þess. Ekki eru þar tillögur um auknar fjárveitingar umfram verðlagsbreytingar.

**Afgreiðsla:** Í ljósi þess að Ferðamálaráð mun frá áramótum verða að sinna enn frekar en nú er upplýsingagjöf og kynningarmálum í Bretlandi og á Norðurlöndum var samþykkt að hætta rekstri skrifstofu í Frakklandi, en verkefnum þess svæðis verði sinnt frá skrifstofu ráðsins í Frankfurt.

**7. Innland kynning 2002.**

SAF hefur óskað eftir því að Ferðamálaráð kanni möguleika á að gert verði átak í innlendri kynningu árið 2002 hliðstætt og átakið " Ísland sækjum það heim" árið 1994.

**Afgreiðsla:** Málið verði rætt við gerð fjárhagsáætlunar.

## **8. Önnur mál.**

**a)** Formaður stjórnar Upplýsingamiðstöðvar ferðamála, Ísólfur Gylfi Pálmason skýrði frá því að á stjórnarfundum Upplýsingamiðstöðvarinnar hefði orðið samkomulag um að slíta samstarfi rekstraraðila enda myndi Reykjavíkurborg hefja slíkan rekstur, þegar núverandi starfsemi hætti. Pétur Rafnsson benti á nauðsyn þessa að fyrir lægi yfirlýsing Reykjavíkurborgar um að þeirra rekstur yrði í samræmi við samþykktar reglur um landshlutamiðstöðvar.

**b)** Dreift var á fundinum skýrslu um þolmarkarannsóknir í þjóðgarðinum í Skaftafelli.

**Afgreiðsla:** Samþykkt að ræða skýrsluna á næsta fundi.

**c)** Helgi Pétursson lagði fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til, að Ferðamálaráð láti kanna möguleika á því að hefja sem allra fyrst talningu á fjölda ferðamanna til landsins. Ferðamálastjóra verði falið að kynna hugsanlega tilhögun þessa á næsta fundi ráðsins og gert verði ráð fyrir kostnaði vegna þessa í fjárhagsáætlun næsta árs.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 13:00